

Key	Value
Möguleg ábending lyfjameðferðar	
Hluti A	Hjarta og æðakerfi
START A1	K-vítamín hemill eða beinir trombín hemlar eða faktor Xa hemlar ef viðvarandi gáttatif er til staðar.
START A2	Acetýlsalisýlsýra (75 mg – 160 mg daglega) ef til staðar er viðvarandi gáttatif, ef frábending er fyrir notkun á K-vítamín hemlum eða beinum trombín hemlum eða faktor Xa hemlar.
START A3	Blóðflöguhemjandi meðferð (acetýlsalisýlsýra eða clopidogrel eða prasugrel eða ticagrelor) ef staðfest saga um kransæða-, heilaæða- eða útæðasjúkdóm.
START A4	Háþrýstingsmeðferð þar sem slagbilsþrýstingur er viðvarandi > 160 mmHg og/eða lagbilsþrýstingur viðvarandi > 90 mmHg; ef slagbilsþrýstingur > 140 mmHg og/eða lagbilsþrýstingur > 90 mmHg hjá sykursjúkum.
START A5	Statín meðferð ef staðfest saga um kransæða-, heilaæða- eða útæðasjúkdóm, nema sjúklingur sé við lok lífs eða aldur > 85 ár.
START A6	ACE-hemlar ef slagbils hjartabilun og/eða staðfest saga um kransæðasjúkdóm.
START A7	Beta-hemlar ef blóðþurrðarsjúkdómur í hjarta.
START A8	Viðeigandi beta-hemlar (bisoprolol, nebivolol, metoprololorcarvedilol) ef slagbils hjartabilun í jafnvægi.
Hluti B	Öndunarfæri
START B1	Reglubundin notkun beta-2 örvandi lyfja eða antimúskarín berkjuvíkkandi lyfja (t.d. ipratropium, tiotropium) sem meðferð við vægum eða miðlungsslæmum asthma eða LLT sjúkdómi.
START B2	Reglubundin notkun innúðarstera við miðlungsslæmum eða slæmum asthma eða LLT sjúkdómi, ef FEV1 <50% af ætluðu gildi og endurteknar versnanir sem krefjast sterameðferðar um munn.
START B3	Langtíma heimasúrefni ef staðfest er langvinnur súrefnisskortur í blóði (þ.e. pO2 < 8,0 kPa eða 60 mmHg eða SaO2 < 89%).
Hluti C	Miðtaugakerfi og augu
START C1	L-DOPA eða lyf sem örva dópamínviðtaka í Parkinsonssjúkdómi með færnisskerðingu.
START C2	Þunglyndislyf önnur en þríhringlaga-lyf ef til staðar eru viðvarandi alvarleg þunglyndiseinkenni.
START C3	Acetýlkólnesterasahemlar (t.d. donepezil, rivastigmine, galantamine) við vægri eða meðal slæmri heilabilun í Alzheimer- eða Lewy sjúkdómi (rivastigmine).
START C4	Staðbundin meðferð með prostaglandínunum, prostamide eða beta-hemlum vegna gleiðhorns-gláku.

START C5	Sérhæfðir serótónín endurupptöku hemjar (SSRI-lyf) (eða SNRI eða pregabalin ef frábending er gegn SSRI) gegn viðvarandi kvíða sem truflar sjálfsbjargargetu.
START C6	Dópamínörvar (þ.e. ropinirole, pramipexole eða rotigotine) vegna fótaóeirðar, ef járnskortur hefur verið útilokaður.
Hluti D	Meltingarfæri
START D1	Prótónpumpuhemlar vegna svæsins vélindabakflæðis eða þrengingar sem krefst víkkunar.
START D2	Viðbótar trefjar (t.d. bran, ispaghula, methylcellulose, sterculia) vegna sarpsjúkdóms í görnum (diverticulosis) ásamt sögu um hægðatregðu.
Hluti E	Stoðkerfi
START E1	Gigtarlyf sem hafa áhrif á sjúkdómsgang (DMARD) við virkum gigt sjúkdómi með hamlandi einkennum.
START E2	Bisfosfónöt og D-vítamín og kalk hjá sjúklingum sem eru á langtíma sykursterameðferð.
START E3	D-vítamín og kalkviðbót hjá sjúklingum með þekktu beinþynningu og/eða sögu um beinbrot eftir minniháttar áverka og/eða beinþéttimælingar T-gildi meira en -2,5 mældar í fleiri en einu beini.
START E4	Meðferð sem dregur úr niðurbroti beins eða bein aukandi meðferð (t.d. bisfosfónöt, strontium ranelate, teriparatide, denosumab) hjá sjúklingum með staðfesta beinþynningu þar sem ekki eru fyrir hendi lyfjafræðilegar eða klínískar frábendingar (beinþéttimælingar T-gildi > 2,5 mældar í fleiri en einu beini) og/eða fyrri saga um beinbrot eftir minniháttar áverka.
START E5	D-vítamín viðbót hjá eldra fólki sem dvelst mest innanhús eða hefur sögu um dettni eða með beinþynningu (beinþéttimælingar (T-gildi > -1,0 en < - 2,5 mældar í fleiri en einu beini).
START E6	Xanthine-oxidase hemlar (þ.e. allopurinol, febuxostat) þar sem saga er um endurtekin þvagsýrugigtarköst.
START E7	Fólínsýru-viðbót hjá fólki sem tekur methotexate.
Hluti F	Innkirtlar
START F1	ACE-hemlar eða angíótensín viðtaka hemlar (ef óþol gagnvart ACE-hemlum) ef sykursýki með merkjum um nýrnasjúkdóm þ.e. prótein í þvagi á strimli eða albúmín í þvagi (>30mg/24 klst) með eða án teikna um skerðingu á nýrnastarfsemi í blóðprufum.
Hluti G	Þvagfæri
START G1	Alpha-1 viðtaka hemill með einkennum um blöðruhálskirtilsstækkun, þar sem blöðruhálskirtilsaðgerð er ekki talin nauðsynleg eða þorandi.
START G2	5-alfa redúktasa hemill við einkennagefandi blöðruhálskirtilsstækkun, þar sem blöðruhálskirtilsaðgerð er ekki talin nauðsynleg eða ekki þorandi.

START G3	Staðbundin estrógenmeðferð eða estrogenhringur í leggöng við einkennum leggangabólgu vegna slímhúðarýrnunar.
Hluti H	Verkjalyf
START H1	Sterk opíöt í meðal sterkum til svæsnum verkjum, þar sem parasetamól, bólgueyðandi gigtarlyf (NSAID) eða veikari opíöt eiga ekki við vegna styrks verkjar eða hafa reynst gagnslaus.
START H2	Hægðalyf hjá fólki sem fær reglubundna opíatameðferð.
Hluti I	Bólusetningar
START I1	Árstíðabundin trivalent bólusetning vegna inflúensu árlega.
START I2	Bólusetning gegn sýkingum af völdum pneumókokka a.m.k. einu sinni eftir 65 ára aldur.